TIL BAKA

ÍSLENSK útgáfa

# EES-viðbætir

## við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 50

2. árgangur

31.12.1995

---


I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið

2. Sameiginlega EES-nefndin

3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin

4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

**95/EES/50/01** Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.648 - McDermott/ETPM)....01

**95/EES/50/02** Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.656 - Seagare/Conner).... 01

**95/EES/50/03** Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.665 - CEP/Groupe de la Cité).... 02

**95/EES/50/04** Skrá yfir ákvarðanir og tilskipanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt.... 02

**95/EES/50/05** Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 og 3. gr. í bókun 21 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um beiðni um að mótmælum verði ekki hreyft eða undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og 3. mgr. 53 gr. EES-samningsins - Mál nr. IV/35.617 - Phoenix....03

**95/EES/50/06** Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 og 3. gr. í bókun 21 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um beiðni um að mótmælum verði ekki hreyft eða undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og 3. mgr. 53 gr. EES-samningsins - Mál nr. IV/35.337 - Atlas.... 03

| | |
|---|---|
| **95/EES/50/07** | Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um leiðbeiningar varðandi aðstoð við atvinnulífið... 04 |
| **95/EES/50/08** | Markaður fyrir fast eldsneyti í bandalaginu árið 1994 og horfur fyrir 1995 (endurskoðuð útgáfa)....................04 |
| **95/EES/50/09** | Ríkisaðstoð - Mál nr. C 28/93 - Þýskaland.................... 04 |
| **95/EES/50/10** | Ríkisaðstoð - Mál nr. C 32/95 - Spánn.................... 04 |
| **95/EES/50/11** | Ríkisaðstoð - Mál nr. C 17/94 - Ítalía.................... 04 |
| **95/EES/50/12** | Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki....................05 |
| **95/EES/50/13** | Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 27. 11. til 1. 12. 1995....................09 |
| **95/EES/50/14** | Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir....................10 |


**3. Dómstóllinn**

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.648 - McDermott/ETPM)

**95/EES/50/01**

Framkvæmdastjórnin ákvað 27. 11. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89([1]). Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

### Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.656 - Seagare/Conner)

**95/EES/50/02**

Framkvæmdastjórnin ákvað 17. 11. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89([1]). Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

([1]) **Stjtíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.**

ÍSLENSK útgáfa



## Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.665 - CEP/Groupe de la Cité)

**95/EES/50/03**

Framkvæmdastjórnin ákvað 29. 11. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89([1]). Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

## Skrá yfir ákvarðanir og tilskipanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt

**95/EES/50/04**

Framkvæmdastjórnin hefur birt eftirfarandi ákvarðanir og tilskipanir:

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 19. júlí 1995 um að heimila viðbótarstyrk Þýskalands til kolaiðnaðarins árið 1994 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. L 287, 30. 11. 1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. júlí 1995 um að heimila styrk Frakklands til kolaiðnaðarins árið 1995 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. L 299, 12. 12. 1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. júní 1995 um aðstoð ítalska ríkisins við fyrirtækið Iritecna S.p.A. (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. L 300, 13. 12. 1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. nóvember 1995 um sérstakar ráðstafanir til að banna tímabundið samsetta ábyrgð fyrir ákveðið flutningsfyrirkomulag (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. L 299, 12. 12. 1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. nóvember 1995 um sameiginlega tækniforskrift að almennum tengikröfum sem eru gerðar til stafrænna þráðlausra fjarskipta í Evrópu (DECT) (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. L 300, 13. 12. 1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. nóvember 1995 um sameiginlega tækniforskrift fyrir samnetið (ISDN); talsímaþjónusta 3,1 kHz, tengikröfur fyrir talheyrnartæki (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. L 300, 13. 12. 1995).

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 8. nóvember 1995 um tæknilega þróun á tilskipun ráðsins 74/61/EBE um búnað til að koma í veg fyrir notkun vélknúins ökutækis án leyfis (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. L 286, 29. 11. 1995).

**([1]) Stjtíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.**

## Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 ([1]) og 3. gr. í bókun 21 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um beiðni um að mótmælum verði ekki hreyft eða undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og 3. mgr. 53 gr. EES-samningsins - Mál nr. IV/35.617 - Phoenix

**95/EES/50/05**

Phoenix-viðskiptin voru tilkynnt framkvæmdastjórninni 29. júní 1995. Þau tengjast öðrum aðskildum viðskiptum sem fela í sér myndun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni, Atlas, þar sem France Telecom og Deutsche Telekom eiga 50% eignarhlut hvort um sig og verður Atlas móðurfyrirtæki fyrirtækjanna um sameiginlega verkefnið sem hafist verður handa um samkvæmt Phoenix-samingunum (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 337, 15. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur í hyggju að taka jákvæða afstöðu til tilkynntra viðskipta samkvæmt samkeppnisreglum EB-sáttmálans og samkvæmt 53. gr. EES-samningsins og veita Phoenix einstaka undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins.

Áður en af því verður gefur hún þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að senda athugasemdir sínar innan eins mánuðar eftir birtingu þessarar auglýsingar í Stjtíð. EB nr. C 337, 15. 12. 1995, með tilvísun til máls nr. IV/35.617 - Phoenix, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate for Information, Communication and Multimedia
200, rue de la Loi
B-1049 Brussel
Bréfasími: (+32 2) 296 9819

## Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 ([1]) og 3. gr. í bókun 21 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um beiðni um að mótmælum verði ekki hreyft eða undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og 3. mgr. 53 gr. EES-samningsins - Mál nr. IV/35.337 - Atlas

**95/EES/50/06**

Atlas-málið var tilkynnt framkvæmdastjórninni 16. desember 1994. Þessi viðskipti fela í sér myndun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni þar sem France Telecom (FT) og Deutsche Telekom (DT) eiga 50% eignarhlut hvort um sig. Í gegnum Atlas eiga DT og FT auk þess þátttöku í öðru fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, Phoenix, ásamt Sprint Corporation([2])(sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 337, 15. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur í hyggju að taka jákvæða afstöðu til tilkynntra viðskipta samkvæmt samkeppnisreglum EB-sáttmálans og samkvæmt 53. gr. EES-samningsins og veita Atlas einstaka undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins.

Áður en af því verður gefur hún þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að senda athugasemdir sínar innan eins mánuðar eftir birtingu þessarar auglýsingar í Stjtíð. EB nr. C 337, 15. 12. 1995, með tilvísun til máls nr. IV/35.337 - Atlas, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate for Information, Communication and Multimedia
200, rue de la Loi
B-1049 Brussel
Bréfasími: (+32 2) 296 9819

**([1]) Stjtíð. EB nr. 13, 21. 12. 1962, bls. 204/62.**

**([2]) Tilkynningin var birt í Stjtíð. EB nr. C 184/11 frá 18. 7. 1995 og í EES-viðbætinum við Stjtíð. EB nr. 26 frá 20. 7. 1995.**

ÍSLENSK útgáfa



## Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um leiðbeiningar varðandi aðstoð við atvinnulífið

**95/EES/50/07**

Framkvæmdastjórnin hefur birt orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um leiðbeiningar varðandi aðstoð við atvinnulífið í Stjtíð. EB nr. C 334, 12. 12. 1995. Leiðbeiningarnar fjalla eingöngu um aðgerðir sem falla undir gildissvið 1. mgr. 92. gr. í EB-sáttmálanum (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtíð. EB).

## Markaður fyrir fast eldsneyti í bandalaginu árið 1994 og horfur fyrir 1995 (endurskoðuð útgáfa)

**95/EES/50/08**

Framkvæmdastjórnin hefur birt útdrátt úr skýrslu bandalagsins um ástandið á markaðinum fyrir fast eldsneyti árið 1994 og horfur fyrir 1995 á grundvelli upplýsinga sem bárust framkvæmdastjórninni í júní 1995 (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

## Ríkisaðstoð
## Mál nr. C 28/93
## Þýskaland

**95/EES/50/09**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að ljúka málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar tillögu Neðra-Saxlands um að veita fyrirtækinu Nino Textil AG, Nordhorn, Neðra-Saxlandi, bankaábyrgð (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 327, 7. 12. 1995).

## Ríkisaðstoð
## Mál nr. C 32/95
## Spánn

**95/EES/50/10**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að ljúka málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoð við fyrirtækið Ferries Golfo de Vizcaya (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 321, 1. 12. 1995).

## Ríkisaðstoð
## Mál nr. C 17/94
## Ítalía

**95/EES/50/11**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að ljúka málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoð sem Ítalía áformar að veita fyrirtækjunum Tubificio di Terni Srl og Ilva Lamiere e Tubi Srl (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 319, 30. 11. 1995).

# Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki

95/EES/50/12

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aukið framlag í franska ábyrgðasjóðinn fyrir Guadaloupe sem er í umsjón SOFODOM, ríkisaðstoð nr. N 716/94 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð Frakklands við ferðamannaiðnaðinn í Guadaloupe, ríkisaðstoð nr. N 715/94 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð Frakklands við fyrirtækið Sagipar í Guadaloupe vegna starfsemi þess sem kallar á áhættufjármagn, ríkisaðstoð nr. N 717/94 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt skattatengd gjöld á skemmtanastarfsemi til að fjármagna aðgerðir til stuðnings einkaleikhúsum og revíuleikhúsum og til að efla menningu í Frakklandi, ríkisaðstoð nr. N 637/94 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt sjóð til styrktar áætlunargerð á sviði viðskipta fyrir Frönsku Gvæönu, ríkisaðstoð nr. N 63/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoðaráætlun varðandi styrki til að skapa ný störf í frönsku umdæmunum handan hafsins, ríkisaðstoð nr. N 724/94 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ábyrgðasjóð fyrir Frönsku Gvæönu, ríkisaðstoð nr. N 64/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska rannsókna- og þróunaraðstoð fyrir LMF í Berlín, ríkisaðstoð nr. NN 73/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoð fyrir rannsókna- og þróunarverkefni fyrirtækja í Neðra-Saxlandi, ríkisaðstoð nr. N 663/94 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska rannsókna- og þróunaraðstoð fyrir þýsk rannsóknagagnanet, ríkisaðstoð nr. N 371/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt austurríska aðstoðaráætlun hvað varðar aðgerðir til að efla nýjungar, tækni, rannsóknir og þróun í Neðra-Austurríki, ríkisaðstoð nr. N 347/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt nýja fjárhagsáætlun sem ítölsk stjórnvöld lögðu til vegna aðstoðaráætlunar um að auka vörugæði og bæta þjónustu, ríkisaðstoð nr. N 338/A/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt austurríska rannsókna- og þróunaraðstoð sem nefnist „ERP-tækniáætlunin“ sem miðar að því að hvetja lítil og meðalstór fyrirtæki til að þróa nýjar vörur og framleiðsluaðferðir, ríkisaðstoð nr. N 319/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt nýja fjárhagsáætlun sem ítölsk stjórnvöld lögðu til vegna aðstoðaráætlunar um aðgerðir til að auka atvinnutækifæri ungs fólks, ríkisaðstoð nr. N 140/A/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt framlengingu og endurfjármögnun á aðstoðaráætlun vegna þróunar á orkunýtingartækni í Breska konungsríkinu, ríkisaðstoð nr. N 364/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

ÍSLENSK útgáfa

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoðaráætlun fyrir ferðamannaiðnað í Baskahéraði sem spænsk stjórnvöld lögðu til, ríkisaðstoð nr. N 342/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt styrkjaáætlun sem spænsk stjórnvöld lögðu til til kynningar á þróuðum fjarskiptakerfum, ríkisaðstoð nr. N 410/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska áætlun til styrktar atvinnulífi í Mursíu, ríkisaðstoð nr. N 432/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt danska áætlun sem miðar að því að draga úr mengun af völdum $CO_2$ og $SO_2$ með skattaráðstöfunum, beinum fjárveitingum og öðrum almennum aðgerðum, ríkisaðstoð nr. N 459/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoðarráðstafanir til styrktar ferðamannaiðnaði í Kantabríu sem spænsk stjórnvöld lögðu til, ríkisaðstoð nr. N 326/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt endurfjármögnun á styrkjakerfinu COMPETE sem ríkisstjórnin í Breska konungsríkinu tilkynnti og miðar að því að hvetja LMF í Norður-Írlandi til að þróa hátæknivörur og vinnsluaðferðir, ríkisaðstoð nr. NN 92/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt danskt endurnýjunarverkefni sem miðar að því að stuðla að hagkvæmni í enduruppbyggingu í borgum, ríkisaðstoð nr. N 460/94 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt að auka aðstoð við SPUR-verkefnið, að tillögu ríkisstjórnar Breska konungsríkisins, ríkisaðstoð nr. N 449/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenska rannsókna- og þróunaraðstoð til að styrkja hönnun á stafrænni ljósritunarvél, ríkisaðstoð nr. N 363/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt endurfjármögnun á aðstoðarkerfi sem nefnist ,,Þróaðar tækniáætlanir“ sem miðar að því að hvetja til sameiginlegra rannsókna milli fyrirtækja í Breska konungsríkinu, ríkisaðstoð nr. N 583/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt endurfjármögnun á aðstoðarkerfi sem nefnist ,,EUREKA-framtakið“ sem miðar að því að hvetja Breta til að taka þátt í EUREKA-verkefnum, ríkisaðstoð nr. N 584/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt endurfjármögnun á aðstoðarkerfi sem miðar að því að styrkja samvinnu á sviði rannsókna milli iðnaðarins, háskóla og rannsóknastöðva í Breska konungsríkinu, ríkisaðstoð nr. N 585/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt endurfjármögnun á aðstoðarkerfi sem nefnist ,,Almenn samvinna um iðnverkefni“ sem miðar að því að hvetja til samvinnu á sviði rannsókna milli fyirtækja í Breska konungsríkinu, ríkisaðstoð nr. N 586/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska rannsókna- og þróunaraðstoð á sviði dvergrafeindatækni, ríkisaðstoð nr. N 590/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur úrskurðað að austurríska ERP-mannvirkjaáætlunin til að stuðla að eflingu m.a. viðskiptagarða falli ekki undir ríkisaðstoð samkvæmt 92. gr. ff í EB-sáttmálanum, ríkisaðstoð nr. N 316/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt danska aðstoðaráætlun sem miðar að því að kanna möguleika á notkun leysitækni í þungaiðnaði, ríkisaðstoð nr. N 538/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska rannsókna- og þróunaraðstoð til að hanna sæti í flugvélar, ríkisaðstoð nr. N 559/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenska rannsókna- og þróunaraðstoð varðandi sjálfvirkni sláturbrauta fyrir svín, ríkisaðstoð nr. N 655/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur úrskurðað að þýsk aðstoðaráætlun varðandi fjárhagsstuðning vegna aðgerða í tengslum við opinbert eftirlit með úrgangi í Bæjaralandi falli ekki undir ríkisaðstoð samkvæmt 92. gr. ff í EB-sáttmálanum, ríkisaðstoð nr. NN 113/94 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð sem frönsk stjórnvöld veittu fyrirtækjunum Sopra og Laserdot til að styðja rannsókna- og þróunarstarfsemi þeirra, ríkisaðstoð nr. NN 86/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð sem frönsk stjórnvöld veittu fyrirtækinu Matra Datavision til að styðja rannsókna- og þróunarstarfsemi þeirra, ríkisaðstoð nr. NN 123/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð sem frönsk stjórnvöld veittu fyrirtækinu Générale des Eaux til að styðja rannsókna- og þróunarstarfsemi þeirra, ríkisaðstoð nr. NN 124/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að andmæla ekki ábyrgðum sem SOFODOM veitti fyrirtækjum í frönskum umdæmum handan hafsins, ríkisaðstoð nr. NN 30/94 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 324, 5. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð Frakklands við fyrirtækjasamstæður (í tengslum við endurbótaáætlun á sviði flutninga á vegum) til að stuðla að endurskipulagningu á litlum fjársterkum fyrirtækjum með samruna þeirra í samræmi við samkeppnisreglur, ríkisaðstoð nr. N 773/A/94 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 335, 13. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð Þýskalands við byggingarfyrirtækið Brandenburger Tiefbau GmbH, ríkisaðstoð nr. N 747/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 335, 13. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að andmæla ekki sérstakri aðstoðaráætlun sem Frakkland lagði til vegna flóðanna á Ardennasvæðinu, ríkisaðstoð nr. N 799/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 335, 13. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska aðstoðaráætlun vegna tímabundinnar stöðvunar fiskiflotans, ríkisaðstoð nr. N 86/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 335, 13. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoðaráætlun sem Breska konungsríkið lagði fram vegna uppbyggingar sveitahéraða, ríkisaðstoð nr. NN 98/94 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 335, 13. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska áætlun um aðstoð við sveitahéruð (LEADER II), ríkisaðstoð nr. N 230/A/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 335, 13. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska rannsókna- og þróunaraðstoð undir heitinu „Innovationsförderungsprogramm Baden-Württemberg, Teil C, Abschnitt I“, ríkisaðstoð nr. N 377/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 335, 13. 12. 1995).

ÍSLENSK útgáfa



Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska áætlun til stuðnings atvinnumálum í Valensíu, ríkisaðstoð nr. N 403/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 335, 13. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt áætlun um aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki á sviði handiðnaðar og verslunar á Ítalíu (Sikiley), sem sjálfstæða héraðið Sikiley samþykkti, ríkisaðstoð nr. N 472/94 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 335, 13. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoðaráætlun um uppbyggingu lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem Breska konungsríkið lagði fram, ríkisaðstoð nr. N 213/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 335, 13. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt nýja fjárhagsáætlun sem Ítalía lagði til vegna aðstoðráætlunar í tengslum við ferðaþjónustu bænda, ríkisaðstoð nr. N 528/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 335, 13. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt tímabundnar aðstoðarráðstafanir vegna stofnunar og reksturs miðstöðvar í Danmörku sem hefur með höndum uppbyggingu ferðamannaiðnaðar, ríkisaðstoð nr. N 541/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 335, 13. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoðaráætlun fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem hafa sérstöðu í efnahags- og atvinnulífinu, ríkisaðstoð nr. N 748/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 335, 13. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt franska aðstoð við nefndina um uppbyggingu fransks húsgagnaiðnaðar, ríkisaðstoð nr. N 651/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 335, 13. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoðarráðstafanir á sviði handiðnaðar, ferðamannaiðnaðar og verslunar sem sjálfstæða héraðið Bolzano, Ítalíu samþykkti, ríkisaðstoð nr. NN 69/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 335, 13. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt nýju fjárhagsáætlunina sem Ítalía lagði til vegna aðstoðaráætlunar í tengslum við ferðamannaiðnaðinn, ríkisaðstoð nr. N 231/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 335, 13. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt framlengingu á aðstoðaráætluninni „Ayudas a PYMES industriales de Aragón“ sem Spánn lagði fram til að styðja fjárfestingar lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Aragón, ríkisaðstoð nr. N 545/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 335, 13. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt franska aðstoðaráætlun „Eureka EU 676 - Eurolang“ vegna rannsókna sem tengjast þróun á kerfum fyrir tölvuþýðingar (CAT), ríkisaðstoð nr. NN 135/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 335, 13. 12. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð sem Breska konungsríkið lagði til í formi flutningatækja og styrkja vegna flutningsgjalda, ríkisaðstoð nr. N 162/93 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 335, 13. 12. 1995).

# Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 27. 11. til 1. 12. 1995

**95/EES/50/13**

Þessi skjöl er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

| Kóði | Skráningarnúmer | Titill | Samþykkt af framkvæmda-stjórninni þann | Sent til ráðsins þann | Blaðsíðu-fjöldi |
|---|---|---|---|---|---|
| **COM(95) 563** | **CB-CO-95-629-EN-C([1])** | Breytt tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun ráðsins 80/777/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hagnýtingu og markaðssetningu ölkelduvatns | 29.11.1995 | 29.11.1995 | 9 |
| **COM(95) 588** | **CB-CO-95-621-EN-C** | Breytt tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun 89/398/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um sérfæði | 29.11.1995 | 29.11.1995 | 7 |
| **COM(95) 634** | **CB-CO-95-670-EN-C** | Álit framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt d-lið 2. mgr. 189. gr. b í EB-sáttmálanum um breytingar Evrópuþingsins á sameiginlegri afstöðu ráðsins varðandi tillögu að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um aðgerðaráætlun (1996-2000) um að berjast gegn krabbameini innan ramma aðgerða á sviði almannaheilbrigðis | 29.11.1995 | 29.11.1995 | 28 |

**([1]) „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.**

ÍSLENSK útgáfa

## Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir **95/EES/50/14**

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).

- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

| Tilvísun ([1]) | Titill | Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils([2]) |
|---|---|---|
| **95-0348-B** | Ráðherrafyrirmæli um breytingu á fyrirmælum frá 19. október 1979 um þráðlaus einkafjarskipti | 8.2.1996 |
| **95-0366-UK** | TRG 1081 B-útgáfa - Gæðaviðurkenningarprófun á veðurþolnum kapaleiningum sem framleiddar eru í samræmi við TR 2033 | 7.2.1996 |
| **95-0367-UK** | Fyrirmæli um dýrasjúkdóma (viðurkennd sótthreinsunarefni) (breyting) 1996 | 7.2.1996 |
| **95-0349-D** | Samþykkisforskrift frá póst- og símamálastofnuninni (BAPT) 223 ZV 18 fyrir búnað með ISDN-notandahluta ISUP til tengingar við stafræna langlínusímstöð með merkjakerfisnr. 7 - netaðgangur | 7.2.1996 |
| **95-0352-D** | Samþykkisforskrift frá póst- og símamálastofnuninni (BAPT) 223 ZV 4 fyrir SCCP-tengisnið (SCCP = Signalling Connection Control Part) til tengingar við SCCP-hnútapunkta í fjarskiptadeild þýsku póst- og símamálastofnunarinnar | 5.2.1996 |
| **95-0353-D** | Samþykkisforskrift frá póst- og símamálastofnuninni (BAPT) 224 ZV 4 fyrir tengingar á fjarskiptanetum við fjarskiptadeild þýsku póst- og símamálastofnunarinnar ISDN (1. stig) | 7.2.1996 |
| **95-0354-F** | Fyrirmæli um lögboðna framkvæmd staðla | 14.2.1996 |
| **95-0355-FIN** | Ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins um breytingu á ákvörðun þess um aðgang að upplýsingum um hættuleg efni | 14.2.1996 |
| **95-0363-DK** | Tækniforskriftir fyrir farstöðvar sem hannaðar eru fyrir almennu hliðrænu farsímakerfin, NMT | 16.2.1996 |
| **95-0364-DK** | Tækniforskriftir fyrir notendabúnað fyrir almennu persónuleitarþjónstuna, OPS | 14.2.1996 |
| **95-0365-UK** ([3]) ([4]) | TR 2033 B-útgáfa - veðurþolnar kapaleiningar | 12.2.1996 |

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

([1]) **Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.**

([2]) **Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.**

([3]) **Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.**

([4]) **Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.**